



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1179
komudagur 23.1.2008

Reykjavík, 20. janúar 2008.

Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

**Umsögn SÍM - Sambands íslenskra myndlistarmanna um frumvarp til myndlistarlaga,
306. mál, heildarlög.**

Stjórn Sambands íslenskra myndlistarmanna hefur kynnt sér nýframlagt frumvarp menntamálaráðherra til myndlistarlaga. Stjórnin fagnar framkomu frumvarpsins en margt af því sem þar er lagt til er til mikilla bóta og er það trú stjórnarmanna að með nokkrum grundvallarbreytingum muni lögin efla myndlistina í heild einsog þeim er greinilega ætlað. Hér verður ekki gerð nánari grein fyrir því sem fellur stjórn SÍM vel í geð heldur eingöngu vakin athygli á þeim atriðum sem vöktu efasemdir hjá stjórnarmönnum.

Kafli II – Listasafn Íslands:

4. grein:

Einsog fram kemur í greinargerð ráðuneytisins gilda aðrar reglur um ráðningartíma forstöðumanns Listasafns Íslands en um aðra forstöðumenn stofnana ríkisins. Fyrir því liggja góðar og gildar ástæður. Starf safnstjóra Listasafns Íslands er afar valdamikið, ekki síst í okkar litla myndlistarsamfélagi. Nægir að nefna þá staðreynd að sýninga- og innkaupastefna safnsins er mjög leiðandi þegar kemur að almennum fjárfestingum í myndlist og því snertir hún einstaka listamenn með mjög afgerandi hætti.

Það er ekki algjört einsdæmi í okkar samfélagi að ráðningartími manna sé takmarkaður enda veга þá önnur rök þyngra en þau sem snúa að atvinnuöryggi viðkomandi forstöðumanns. Helst hefur þetta átt við um fólk sem gegnir störfum sem kenna má við listræna stjórnun. Um prófessora við Listaháskóla Íslands gildir t.d. sambærileg regla en prófessor í listsköpun er talinn hafa það mótandi áhrif á þær kynslóðir listamanna sem vaxa upp í hans skjóli að ekki geti verið hollt fyrir greinina að sama fólk sé þar of lengi að störfum.

Þó svo sitjandi ráðherra áformi að viðhafa sem faglegust vinnubrögð er algjörlega óvíst að sá sem á eftir kemur hafi sömu áherslur. Það er því mat stjórnar SÍM að ekki beri að fella niður ákvæði um takmarkaðan starfstíma safnstjóra Listasafns Íslands.

5. grein:

Samkvæmt núgildandi lögum um Listasafn Íslands er innkaupanefnd safnsins skipuð forstöðumanni og tveimur fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Það hefur reynst farsæl tilhögun sem hefur mælst vel fyrir meðal myndlistarmanna, sem eðli málsins vegna hafa hvað mestra hagsmuna að gæta. Það er mikilvægt að góð sátt ríki um innkaupanefndina enda hefur hún, einsog áður er komið fram, mjög sterk áhrif á almennan markað með myndlist og árangur einstakra listamanna. Fagleg skipun í innkaupanefndina er forsenda fyrir almennri sátt.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið er engin grein gerð fyrir því hvers vegna lagt er til að einn þriggja innkaupanefndarfulltrúa skuli skipaður af ráðherra, án tilnefningar. Stjórn SÍM telur misráðið að fara þá leið og leggur til að ákvæðið um tvo fulltrúa SÍM verði látið halda sér óbreytt. Vel mætti setja skilyrði fyrir því að annar tveggja fulltrúa SÍM verði valinn úr röðum fræðimanna á sviði myndlistar. Fyrst og fremst verður að vera tryggt að val í innkaupanefnd Listasafnsins byggist á faglegum forsendum og að sú sátt sem um það ríkir haldist. Ennfremur leggur stjórn SÍM til að það verði skýrt að safnstjóri verði formaður innkaupanefndar enda ber hann eðli málsins samkvæmt mesta ábyrgð á því starfi sem listrænn stjórnandi safnsins. Sú ábyrgð er undirstrikuð í sömu grein þar sem sagt er að safnstjóri megi með heimild nefndarinnar ráðstafa allt að 20% þess fjár sem ætlaður er til kaupa á verkum innlendra listamanna. Í samhengi við það ákvæði er einkennilegt að bjóða upp á þann möguleika að safnstjóri sé ekki formaður innkaupanefndar.

Stjórn SÍM telur ekki rétt að heimila innkaupanefnd að selja verk úr eigu safnsins. Heimild þar að lútandi er til staðar í núverandi lögum en ólíklegt er að henni hafi oft verið beitt til þessa enda er hér um að ræða safn menningarverðmæta í þjóðareign en ekki t.d. banka sem höndlar með verðbréf.

Sú listasaga sem safneign Listasafns Íslands birtir verður auðvitað aldrei óumdeild. Þó sagt sé að tíminn skeri úr um hvað sé gott og hvað slæmt er aldrei hægt að segja til um hvenær endanlegur dómur tímans fellur. Sagan er að sjálfsögðu í stöðugri endurskoðun. Hver innkaupanefnd kaupir inn eftir bestu vitund. Stjórn SÍM telur það ekki til bóta að veita nefndinni heimild til að umbreyta ákvörðun fyrri nefndar. Slíkt verði fremur til að bjaga listasöguna en að skerpa og með því væri safnið ekki að rækja sitt lögboðna hlutverk að endurspegla strauma og stefnur í íslenskri myndlist á hverjum tíma.

6. grein:

Í greininni er heimild safnsins til að lána verk úr safninu rýmkuð með því að safninu er heimilt að lána verk til annarra stofnana. Samkvæmt greinargerðinni er þetta m.a. gert vegna þess að slík lán hafa tíðkast um langt skeið. Stjórn SÍM telur það ekki lýsa miklum metnaði af hálfu ríkisins að vilja lögfesta slíka heimild. Mun nær væri að lögin hvettu til samstarfs milli safnsins og stofnana ríkisins á þá leið að Listasafnið setti saman sýningar á verkum lifandi listamanna í fremstu röð á hverjum tíma. Það færi vel á slíku fyrirkomulagi, t.d. í sendiráðum landsins erlendis. Stjórn SÍM hefur ekki skoðun á því hvort réttara væri að safnið fengi greiðslur frá viðkomandi stofnunum eða sérstaka upphæð til verkefnisins í fjárlögum. Hinsvegar er ljóst að hér væri um atvinnuskapandi verkefni að ræða fyrir listamenn þjóðarinnar en greiðslur til listamannanna yrðu í samræmi við þar til gerða samninga milli samtaka listamanna og safnsins.

7. grein:

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilgangur greinarinnar sé m.a. að taka af allan vafa um rétt safnsins til afnota af verkum þar sem deilur um þetta atriði hafi staðið um nokkurt skeið. Það er vissulega þarft að sem skýrast sé kveðið á um þetta atriði en það er þó varla markmið Alþingis að taka samningsréttinn algjörlega af myndlistarmönnum í viðskiptum við safnið. Stjórn SÍM leggur til að í greininni verði kveðið á um að safnið skuli gera sérstakan samning við myndlistarmenn sem lúti að greiðslum ríkisins fyrir afnot af verkum í eigu Listasafns Íslands. Slíkur samningur er reyndar þegar til, undirritaður af fulltrúum Listasafns Íslands og Myndstefs og er sambærilegur við aðra samninga á Norðurlöndum um sama efni. Það hvetur síst til hugarfarsbreytingar meðal almennings gagnvart réttindum myndhöfunda ef Alþingi telur eðlilegt að ríkið hafi sem víðtækust gjaldfrjáls afnot af höfundarrétti myndlistarmanna, enda stangast það á við meginreglur í íslenskum höfundarrétti og

alþjóðasamninga á þessu sviði sem Alþingi hefur staðfest. Alþingi hefur sjálft sett lög um höfundarétt og þar með reynt að stuðla að því að listamenn fái greitt fyrir sín verk. Stjórn SÍM er þeirrar skoðunar að í samningum við Listasafn Íslands um greiðslur vegna höfundarréttar gildi önnur sjónarmið en þegar samið er við einkaaðila enda séu hagsmunir safnsins og myndlistarmanna á ýmsan hátt gagnkvæmir og fari jafnvel stundum saman. Þetta viðhorf endurspeglast mjög skýrt í áður nefndum samningum sem þegar hafa verið gerðir.

8. grein:


Í greininni er Listasafni Íslands veitt heimild til að afla sér tekna m.a. með leigu á verkum og afnotum af verkum úr eigu safnsins. Ekki er minnst á greiðslur til höfunda verkanna þegar svo ber undir. Eðlilegt væri að setja inn ákvæði um að höfundur eða handhafi höfundarréttar viðkomandi verks fái ákveðið hlutfall af þeim sértekjum sem safnið fær af hans verkum í samræmi við þar að lútandi samninga safnsins við samtök höfundaréttshafa.

Stjórn SÍM lítur svo á að Alþingi hafi ekki eingöngu skyldur við ríkissjóð og að við jafn mikilvæga lagasetningu sem þessa sé ekki rétt að miða eingöngu að því að ný lög muni ekki „hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð“ (sbr. síðustu málsgrein í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu). Frumvarpinu er ætlað að styrkja íslenska myndlist og þar með íslenskt menningarlíf og það verður tæpast gert með því t.d. að taka samningsrétt af íslenskum listamönnum.

Einsog fram kemur í greinargerð menntamálaráðuneytisins um 10. grein hafa myndlistarmenn til þessa notið takmarkaðs opinbers stuðnings. Yfirvöld eru hinsvegar oft treg til að samþykkja eðlilegar greiðslur fyrir vinnu listamanna. Það er t.d. sorgleg sú staðreynd að þegar myndlistarmaður vinnur sýningu fyrir opinbert listasafn þá fær hann ekki greidd laun fyrir vinnu sína þó sú nýlunda hafi nú verið tekin upp að greiða í sumum tilvikum styrk á móti kostnaði listamannsins við verkefnið. Það er eitt af baráttumálum SÍM að ríki og sveitarfélög geri ráð fyrir því í fjárveitingum til opinberra listasafna að greiða þurfi listamönnum fyrir vinnu sína, ekki eingöngu föstum starfsmönnum safnanna. Stjórn SÍM vill í þessu samhengi benda Alþingi á forystuhlutverk ríkisins þegar kemur að virðingu fyrir þeim fjölbreyttu störfum sem unnin eru af þegnum landsins. Þegar til lengri tíma er litið væri það án efa hagstætt fyrir ríkissjóð að finna sem flestar leiðir til að greiða myndlistarmönnum fyrir vinnu sína og framlag. Það leiddi fyrst og fremst af sér að þær upphæðir sem flokkaðar væru sem styrkir til greinarinnar lækkuðu til muna.

Virðingarfyllt

Stjórn Sambands íslenskra myndlistarmanna


Aslaug Thorlacius, formaður

Birta Guðjónsdóttir

Eggert Pétursson

Hulda Stefánsdóttir

Jón Óskar Hafsteinsson

Unnar Örn Auðarson Jónasson

Þuríður Sigurðardóttir